



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
á afmælishátíð Keilis
Ásbrú
7. maí 2010**

Ágæta samkoma
Kennarar, nemendur,
sveitarstjórnarmenn og
aðrir velunnarar Keilis

Oft hefur verið í umræðum víða um veröldina vitnað í spádómsorðin um að „smíða plóggjárn úr sverðum“; hugsjónina um að uppbygging og sköpun leysi af hólmi stríð og eyðileggingu, frjókorn í jarðvegi hugar og samfélags fáa að breytast í blómlegan gróður.

Fáir verða þó svo gæfuríkir að geta hrint þessari sýn í framkvæmd, að hefja til vegs ræktun lands og lýðs á völlum þar sem áður var vettvangur vígbúnaðar.

Það var sérkennileg reynsla að fara hér um fáeinum vikum eftir að síðustu hermennirnir héldu til síns heima, ganga um auða sali og yfirgefna vistarverur, búnar húsgögnum og annarri aðstöðu, líkt og beðið væri efir næstu gestum.

Fljótlega sáu margir að hér blöstu við tækifæri, að kjörið væri að gera hina gömlu herstöð að vettvangi nýrra verka, að helga hana uppbyggingu, framförum og hugmyndaauðgi. Umfram allt ætti að forðast að hér yrði draugabær líkt og hent hefur herstöðvar víða um heim sem lokið hafa hlutverki sínu.

Það var gaman að taka þátt í frjórri umræðu sem hér ríkti, deila hugmyndum með heimamönnum og forystumönnum Þróunarfélagsins. Þið höfðuð svo sannarlega metnað til að setja markið hátt, leita óhikað nýrra leiða.

Þáttur menntunar og nýsköpunar varð fljótlega kjarninn í áformum um starfsemi á Ásbrú, að fólk í leit að fræðslu og þjálfun, virkjun eigin hæfileika, kæmi í stað hermannanna.

Ég fann líka í samræðum við forystumenn fræðasamfélaga í öðrum löndum að þeim fannst þetta heillandi hugmynd; vildu leita leiða til að senda hingað nemendur og kennara, til stuttrar dvalar; einkum þá sem áhuga hefðu á hreinni orku, jarðhita, jöklum, umbrotum í íslenskum fjöllum; hinu víðtæka samspili manns og náttúru.

Erlendir ráðamenn voru einnig áhugasamir og eftirminnileg er heimsókn Andy Karsner, þáverandi forystumanns í Orkuráðuneyti Bandaríkjanna, sem heillaðist hér af tækifærum sem hann sá; hvernig hægt væri að nýta Ásbrú til að treysta og efla samvinnu landanna á nýjum grunni – og nú stefnir Keilir inn á svið orkunnar, fræðslu um lærdóma sem draga má af árangri Íslendinga, ekki síst hér á svæðinu.

Það hefur verið ánægjulegt að fylgjast með metnaðarfullum áformum Keilis og hvernig þeim hefur verið hrint í framkvæmd. Hér er að eflast alþjóðlegur flugskóli sem getur átt glæsta framtíð. Aðstæður á Suðurnesjum eru einstaklega vel fallnar til flugnáms enda kemur þar að góðum notum rokið sem heimamenn formæla á stundum. Það er í þessum efnum aðdráttarafl, í rauninni auðlind þótt heimamönnum sé slíkt framandi hugsun.

Já, kannski er það einmitt kjarninn í starfsemi Keilis: Að gera framandi hugsun að uppsprettu nýrra verka, framfara, öflugra stoða í atvinnulífi; að veita fólki tækifæri til að nýta hæfileika sem búa með hverjum og einum.

Í hagkerfi nýrrar aldar eru menntun, hugarafli og nýsköpun það sem úrslitum ræður – og þeim mun farnast best sem leggja rækt við slíka þætti.

Áður var það vígbúnaður sem úrslitum réði; heimsveldi urðu til í krafti hersveita.

Þessi sögulegu þáttaskil, áhrifarík á heimsvísu, birtast okkur í hnotskurn hér á Ásbrú; menntasetri, miðstöð nýsköpunar í yfirgefinni herstöð.

Völlurinn sem áður vakti harðar deilur í röðum Íslendinga, klauf þjóðina í andstæðar fylkingar, er nú vettvangur þar sem samstaðan ræður ríkjum, verkstöð þar sem allir taka höndum saman við að skapa nýja framtíð.

Fáir hefðu trúað því fyrstu mánuðina eftir brottför hersins, þegar þögnin ríkti hér ein í tómun sölum, að innan tíðar yrði iðandi mannlíf víða á Ásbrú og menntasetrið Keilir hefði á skömmum tíma skilað góðum árangri, sýnt heimamönnum og þjóðinni allri hvað hægt er að gera þegar margir leggjast á árar.

Líkt og ég hafði frá upphafi óbifandi trú á getu ykkar og þeirri framtíðarsýn sem lá til grundvallar fjölþættri starfsemi hér á Ásbrú, þá er ég sannfærður um að þessi fyrstu ár veita fyrirheit um enn meiri árangur í framtíðinni. Brautin hefur þegar verið rudd og aðstæður allar eru hér ákjósanlegar. Nú er bara að halda áfram og láta ekki tímabundna erfiðleika aftra för.

Ég óska ykkur til hamingju með árangurinn og allra heilla á komandi árum.